



Vatnsveita Húsavíkur

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-86-02

VATNSVEITA HÚSAVIKUR.

Að ósk Víglundar Þorsteinssonar vatnsveitustjóra athugaði undirritaður lindir Þorvaldsstaðaár við Húsavík og vatnsból bæjarins á leið um staðinn 7. og 8. júní s.l. Hlýtt var í veðri og vöxtur í ám og lækjum.

Þorvaldsstaðaáin var skollituð af leysingavatni sem rann til hennar nokkru neðan við upptakalindirnar. Áin kemur up í víðu og djúpu gili sem skerst upp í brekkurnar fyrir sunnan Húsavíkurbæ. Gilið er endasleppt og grynkar skyndilega og hverfur að mestu í um 150 m hæð. Aðallindirnar eru tvær sú efri upp undir gilbotninum en hin neðri um 100 m neðar með ánni. Báðar koma þær undan urð í austurhlið gilsins. Vatnsmagnið sem úr þeim kemur er álíka mikið í hvorri fyrir sig, en heildarmagnið mældist 180 - 190 l/sek. Vatnið er silfurtært og svalandi, aðeins 2,8^o C. Þurr leysingafarvegur kemur ofan af heiðinni niður í gilbotninn. Í leysingum og vætutíð er því hætta á að gruggugt vatn fari yfir lindasvæðið.

Neðar með Þorvaldsstaðaá eru smálindir beggja vegna árinna, nánar tiltekið upp af golfvallarendanum. Lindin vestan ár var 4 l/sek. og 2,8^o C. Lindin austan árinna kemur undan mýrardragi. Hún var um 5 l/sek. og 3,2^o C.

Þegar ég skoðaði Þorvaldsstaðaá í septemberlok 1981 mældist vatnsmagnið 200 l/sek. og hiti 2,7^o C. Samkvæmt því virðist rennsli og hiti í ánni vera tiltölulega stöðug.

Ég skoðaði vatnsbólslindirnar að morgni sjómannadagsins 8. júní. Bæjarlýðurinn var allur á skemmtisiglingu út á flóa og vatnsnotkun líklega í lágmarki. Vatnsmagnið í læknum sem rennur frá vatnsbólunum var 300 - 400 l/sek. Lindahiti var nokkuð breytilegur frá auga til auga, 4,3 - 6,0^o C. Þarna vottar fyrir jarðhitaáhrifum. Þetta eru mjög svipaðar tölur og í mælingunni frá sept. 1981, þannig að um stöðugar og góðar lindir er að ræða.

Það er gaman að koma á þetta lindasvæði. Vatnsból Húsavíkur eru með þeim bestu á Íslandi, frágangur þeirra allur með ágætum og staðnum til sóma.

Lækurinn sem rennur frá Botnsvatni var mældur í bárujárnsvegarræsi rétt ofan við mót vatnsbólslækjarins. Vatnsmagn var um 400 l/s og vatnshiti $9,8^{\circ}$ C þar sem vatnsbólslækurinn og lækurinn frá Botnsvatni koma saman virtust þeir á móta vatnsmiklir, lindalækurinn þó ívið meiri og tærari að sjá.

Gamla vatnsbólið ofan við bæinn er nú hrörlegt orðið, enda fallið úr notkun. Steyptur og hlaðinn brunnur í lindinni er nú allur að síga saman. Um 100 m langur tréstokkur liggur að safnþró. Stokkurinn er farinn sundur rétt ofan við þróna og þar bunar vatnið úr honum. Safnþróin sem mér sýnist vera steypt er vel tyrfður og góður lás á loki hennar. Virðist í góðu lagi. Vatnsbólið stendur lægra en efstu húsin í kaupstaðnum. Vatnsmagn var 15 - 20 l/s og hiti $3,2^{\circ}$ C.

